

Minnisblað

Dagsetning: 17. desember 2021
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Reykjadalur

Reykjadalur er á Náttúruminjaskrá (nr. 752) sökum stórbrotins landslags og fjölbreytilegrar jarðfræði þá m.a. jarðhita. Reykjadalur er vinsæll til útivistar allt árið um kring og er nýttur af göngu-, hjóla- og reiðfólki. Baðsvæðið ofarlega í dalnum hefur mikið aðdráttarafl og er staðurinn því vinsæll meðal ferðamanna. Ferðaþjónustufyrirtæki gerir út hestaferðir í Reykjadal.

Framkvæmd

Reykjadalur var heimsóttur alls tvisvar sinnum árið 2021, þann 19. maí og 26. ágúst 2021. Aðalgöngustígur svæðisins var genginn í hvort skipti og mat lagt á innviði ásamt ástandi gróðurs og jarðminja. Notast var við spjaldtölvu og dróna til að taka ljósmyndir af skemmdum á gróðri, jarðminjum og innviðum. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Umfang gróðurskemmda og skemmda á jarðminjum var mælt með málbandi og ljósmyndir teknar til að meta breytingu milli ára. Allar upplýsingar voru skrásettar á þar til gerð eyðublöð.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að færa myndir úr vöktun í gagnagrunninn FotoWare. Búið er að færa upplýsingar af eyðublöðum inn í gagnagrunn NÍ. Helstu niðurstöður úr vöktun þessa árs eru eftirfarandi:

Í lok sumars var búið að opna nýtt bílastæði og kaffihús með klósettaðstöðu við upphaf gönguleiðar. Gjaldskylda er á bílastæðinu. Gamla bílastæðinu hefur verið lokað en gönguleiðin liggur þar yfir og er það fremur holótt.

Göngustígurinn á svæðinu er víða í slæmu ástandi. Sums staðar hefur mottum verið komið fyrir til að koma í veg fyrir drullusvað en undir þeim hafa myndast ójöfnur á nokkrum stöðum. Víða rennur vatn yfir og/eða safnast fyrir á stígnum (sjá 1. mynd). Myndast þá drullusvað sem verður til þess að fólk gengur utan stíga. Mikið álagssvæði er við hestagerðið ofarlega í dalnum og þar hefur myndast mikið drullusvað.



1. mynd. Vatn rennur yfir göngustíginn í Reykjadal.

Ofan við baðstaðinn var nýlega búið að setja mól í stíginn en malarefnið var gróft og óþægilegt að ganga á því. Vegna þessa hafa myndast hentistígar meðfram göngustígunum. Víða má sjá hentistíga og álagssvæði þar sem útsýni er en einhverjum leiðum hafði verið lokað. Baðstaðurinn var í fínu ástandi en ein trappa í stig við upphaf viðarpallanna hafði verið brotin (2. mynd).



2. mynd. Brotin trappa í stiga við baðsvæðið.

Teljari var staðsettur við upphaf gönguleiðar en sá sem var ofarlega í dalnum hafði brotnað. Í ágúst hafði upplýsingaskilti frá Landvernd verið komið fyrir við upphaf gönguleiðar (3. mynd).



3. mynd. Upplýsingaskilti við upphaf gönguleiðar.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Búið er að fara í fimm vettvangsferðir frá því að vöktun hófst árið 2020. Greinilegt er að verið er að vinna í að bæta innviði en svæðið er stórt og álagssvæðin mörg. Því má gera ráð fyrir að áfram þurfi að vinna í innviðauppbyggingu næstu árin. Í þeim ferðum sem NSV hefur farið hafa vandamálin að mestu verið þau sömu; traðk utan stíga og skemmdir á stígum vegna vatns sem flæðir yfir. Þar sem búið er að gera umfangsmikla úttekt á svæðinu og benda á hvað megi betur fara er ekki talin ástæða til að halda áfram að fara tvær ferðir á sumri. Með því að taka svæðið út seinnipart sumars ár hvert ætti að fást góð mynd af ástandi álagssvæða, hvort þeim sé að fjölga og hvort innviðauppbygging á svæðinu skili tilætluðum árangri.